

## Námsáætlun vor 2017 9. bekkur

Námsgrein: Íslenska 9.1.

Kennari: Fríða Pétursdóttir

Birt með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi; lestur, lesskilning, málfræði, stafsetningu, umræður, túlkun og mat. Almennt hefjast kennslustundir á upprifjun og kynningu kennara á viðfangsefninu sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir, í þörum eða hópum. Í bókmenntum er lögð sérstök áhersla á umræður og skoðanaskipti og að nemendur leysi verkefni í samvinnu við aðra. Ef heimavinnu er þörf verða upplýsingar um hana birtar á Mentor og nánari útfærslu námsáætlunar verður einnig að finna þar. Nemendur eru hvattir til að sinna námi sínu vel og muna sérstaklega eftir því að lestur er mikilvæg heimavinna.

Með markmiðum námsáætlunar í íslensku er stefnt að því að nemendur nái tókum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013). (<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>).

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
<b>Vorönn</b> Janúar - febrúar	<b>Stefnt er að því að nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• lesi texta, meti og tjái skoðanir sínar,</li><li>• skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi</li><li>• geti beitt nokkrum grunnhugtökum bókmenntafræðinnar,</li><li>• geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,</li><li>• átti sig á mikilvægi sagnorða í málinu og þekki málfræðileg hlutverk þeirra,</li></ul>	<b>Lota 1</b> Bókmenntir og lestur  <b>Lota 2</b> Málfræðilota þar sem sagnorð eru í aðalhlutverki.  Námsefni: Málið í Mark; Sagnorð Sagnbeyging	Nemendur lesa skáldsögu á íslensku að eigin vali og fá tíma til þess að lesa í skólanum.	Nemendur skila stuttum skýrslum um lesturinn og lokaskýrslu þar sem reynir á hvort nemendur geti beitt þeim hugtökum sem rædd hafa verið.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum,</li> </ul>		<p>Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum. Nemendur sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.</p>	<p>Málfræðikönnun úr þeim efnisþáttum sem unnið er með.</p>
febrúar – mars	<ul style="list-style-type: none"> <li>geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,</li> <li>geti beitt reglum um réttritun og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.</li> </ul>	<p><b>Lota 3</b> Ljóð Lesum og ræðum ljóð, rifjum upp og vinnum með bragreglur og bókmenntahugtök. Námsefni: Efni frá kennara og Neistar</p> <p><b>Lota 4</b> Ritun og stafsetning Greinarmerki og stofn orða Námsefni: Týndi bekkurinn; kennslubók í ritun og stafsetningu.</p> <p><b>Lota 5</b> Málfræðilota þar sem orðflokkar eru í aðalhlutverki. Námsefni: Málið í Mark; óbeygjanleg orð.</p> <p><b>Lota 6</b> Lestur og ritun Ritun og sköpun í textagerð.</p>	<p>Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum. Nemendur sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.</p> <p>Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum. Nemendur velja sér leiðir og viðfangsefni og bera sjálfir ábyrgð á að framfylgja áætlun.</p>	<p>Próf þar sem reynir á þá hæfni sem unnið er með og stefnt er að.</p> <p>Nemendur halda utan um vinnu sína og skila verkefnamöppu. Í lok lotunnar verður stafsetningarkönnun.</p> <p>Verkefni og könnun í lok yfirferðar.</p>
mars - apríl	<p>Sjá markmið um hæfni í málfræðilotu hér að framan.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>átti sig á mikilvægi orðflokka í málinu og þekki málfræðileg hlutverk,</li> <li>geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í</li> </ul>			

	<p>rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og sé óhræddur við að beita sér í skapandi ritun,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðfangsefni og beitt orðaforða og málsniði við hæfi.</li> </ul>	Námsefni: Neistar		<p>Verkefnamappa sem skila skal í lok námslotunnar.</p> <p>Verkefni og könnun í lok yfirferðar.</p>
apríl - maí	Sjá markmið um hæfni í 1. lotu.	<p><b>Lota 7</b> Fornsögur Gísla saga Súrssonar</p> <p>Höldum áfram að lesa og pæla og byggja ofan á þann bókmenntalega grunn sem lagður er í 1. lotu.</p> <p><b>Lota 8</b> Stafsetning og ritun Um y, ý og ey og örlítið um j.</p>	<p>Nemendur vinna ýmis verkefni, ræða saman og kryfja til mergjar.</p> <p>Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum. Nemendur sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.</p>	<p>Verkefnamappa sem skila skal í lok lotunnar, valverkefni og próf.</p> <p>Nemendur halda utan um vinnu sína og skila verkefnamöppu. Í lok lotunnar verður stafsetningarkönnun.</p> <p>Annarpróf þar sem reynir á hvort nemendur hafi tileinkað sér þá hæfni sem unnið hefur verið með á önninni.</p>

## 9. bekkur 2

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Sigríður Víkingsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Jan - maí	<p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni, persónulýsingum og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu ták og stílbrogð</li> <li>skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi</li> <li>valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</li> <li>fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýninn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.</li> </ul>	Kjörbókalestur Framsögn	Nemendur lesa 2 bækur á önn. Þeir undirbúa kynningu á bókunum þar sem þeir beita bókmenntafræðihugtökum. Misjafnt er hvaða bókmenntalegar áherslur reynir á í hverri kynningu.	Kynningar eru metnar samkvæmt gátlistum.
Jan - maí	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>hafi fengið þjálfun í skapandi skrifum</li> <li>þjálfist í stafsetningu</li> <li>læri að nota efnisgreinar og hæfilega langar málsgreinar</li> <li>læri mun á talmáli og ritmáli</li> </ul>	Vikulegt blogg Stafsetning	Nemandi skrifar 200 orða blogg um valið eða stýrt efni á heimasíðu sína sem þeir hafa útbúið.	Skoðaðar eru framfarir í stafsetningu og uppbyggingu texta. Matsatriði: Efnisgreinar, málsgreinar, bein/óbein ræða, málfar og stíll. Stafsetning skoðuð og þjálfuð ef þarf.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti byggt upp texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samheng</li> </ul>			
Janúar	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sé fær um að skrifa mismunandi textategundir</li> </ul>	Ritun – goðsögur	Nemendur klára verkefni frá haustönn að semja goðsögu sem unnin hefur verið á eTwinning í samstarfi við Svíþjóð.	Mat á goðsögum .
janúar Febrúar	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,</li> </ul>	Málfræði og fleyg orð	Nemendur vinna ýmis málfræði- og málnotkunarverkefni	Vinnubók og próf úr helstu atriðum málfræði.
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fjallað um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og áttað sig á myndmáli í bundnu og óbundnu máli.</li> </ul>	Ljóð	Ljóð lesin, túlkuð og greind	Vinnubók metin.
Febrúar Mars	<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</li> </ul>	Gísla saga	Sagan lesin og unnið upp úr henni á frjálsan hátt, mynd, leikrit, plagat, teiknimyndasaga eða annað frjálst.	Verkefni metin.
Mars apríl	<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>• Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</li> </ul>	Framsögn og hlustun	Nemendur semja og flytja ræður og ljóð til flutnings. Nemendur horfa á íslenska bíómynd, meta hana og túlka.	Ræður og annar flutningur metinn. Verkefni tengt bíómynd metið.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar,</li> </ul>			
Apríl- maí	<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</li> <li>gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýska,</li> <li>áttað sig á skyldleika íslensku</li> </ul>	Málnotkun, málsnið, myndtöflu- og leitarlestur.	Farið í nokkur vel valin verkefni úr bókinni Neistar með áherslu á umfjöllun um málið í anda hugleiks.	Einstök verkefni metin og hugtakakönnun í lokin.

Námsgrein: Enska 9. bekkur

Kennari: Sigríður Víkingisdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar- júní	Að nemendur... <ul style="list-style-type: none"><li>• geti fylgt fyrirmælum og leiðbeiningum á ensku.</li><li>• geti fyrirhafnarlítið skilið talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.</li></ul>	Hlustun	Nemendur hlusta á efni úr ýmsum áttum, t.d. gömul samræmd próf, lesnar smásögur og hlustunarefni úr námsbókunum. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum eða pörum. Samvinnunám og samhjálp stunduð. Nemendur hlusta og lesa texta í bíómyndum, þáttum og tónlist og vinna með áfram.	Markmið metin jafnóðum orðaforðapróf, frammistöðumat, jafningjamat.
janúar- júní	Að nemendur geti ... <ul style="list-style-type: none"><li>• lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,</li><li>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki,</li><li>• lesið texta til að afla sér upplýsinga.</li></ul>	Lesskilningur	Lesnir textar héðan og þaðan s.s. úr námsbókum, léttlestrarbókum og ýmsu efni, með mismunandi markmið í huga s.s. sér til ánægju, finna upplýsingar, auka orðaforða o.fl.	Markmið metin jafnóðum. Lesskilningspróf, umræður, ritaðir textar í framhaldi af lestri o.fl. Bókakynningar á léttlestrarbókum

Janúar- júní	<p>Að nemendur geti ...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,</li> </ul>	Ritun	<p>Nemendur skrifa texta s.s. útdrætti, persónulýsingar, eigin skoðanir, unnar upp úr sögum, myndum eða öðrum kveikjum. Samvinnunám og félagastuðningur.</p> <p>Nemendur skrifast á við jafnaldra í öðrum löndum í gegn um eTwinning samskipti.</p>	<p>Markmið metin jafnóðum. Leiðsagnamat bæði af hálfu kennara og félaganna. Sjálfsmat og frammistöðumat.</p>
Janúar- júní	<p>Að nemendur geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli og eðlilegum framburði,</li> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í,</li> <li>• geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> </ul>	Talað mál	<p>Einn tími á viku er helgaður töluðu máli en þá fara öll samskipti í kennslustofunni fara fram á ensku bæði við kennara og milli nemenda. Nemendur hvattir til samræðna og umræðna um alla þætti námsins, bæði innihald efnis og einnig uppbyggingu tungumálsins og málfræðilega þætti þess. Munnlegar kynningar á verkefnum. Nemendur tala við jafnaldra í öðrum löndum í gegn um eTwinning samskipti.</p>	<p>Markmið metin jafnóðum. Leiðsagnamat, óformlegt sjálfsat og jafningjamat þar sem notaðir eru matslistar sem nemendur hafa unnið.</p>
Janúar	<p>Að nemendur geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir tak- mörkunum staðal- mynda og áhrifum fordóma,</li> </ul>	Menningarlæsi	<p>Nemendur horfa á Braveheart og bera saman ensku og skosku. Þeir velja sér líka einstakling frá Kanada og skrifa um hann og hans heimaland.</p>	



	<ul style="list-style-type: none"><li>• greint á milli helstu af- brigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li></ul>			
--	---	--	--	--

Námsgrein: Náttúrufræði 9. bekkur

Kennari: Sigríður Víkingsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar- febrúar	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>fræðist um ýmsa sjúkdóma og forvarnir,</li> <li>...kunni skil á ónæmiskerfi líkamans.</li> <li>geti útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra,</li> <li>geti útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun</li> </ul>	<p>Kafli 6 og 7 í Mannlíkaminn.</p> <p>Sjúkdómar Forvarnir – vímuefnafræðsla Kynfræðsla</p>	<p>Ýmis myndbönd Forfallakennarinn</p> <p>Kynningar - valverkefni um sjúkdóma eða forvarnir Hópa-/ paravinna</p>	<p>Metið jafnóðum hvort markmiðum hafi verið náð. Sjálfspróf unnin í vinnuöppu eftir hvern kafla. Stuttar kannanir á hugtakaskilningi við lok efnisþátta eða kafla.</p> <p>Nemendur gera Kahoot-verkefni úr efnisatriðum. Jafningjamat.</p>
Mars - apríl	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>geti sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum</li> <li>geti rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi,</li> <li>geti rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó</li> <li>geti tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta</li> <li>geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því</li> <li>geti greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur</li> </ul>	<p>Umhverfisfræðsla</p>	<p>Farið yfir ýmis hugtök. Verkefni um stöðu umhverfismála á Akureyri. Farið í heimsóknir í endurvinnslustöðvar. Kynning Umræður Áróðurs verkefni fyrir bættu umhverfi. Verkefni um stöðu umhverfisins í heiminum. Kynning</p>	<p>Hugtakaskilningur metinn með prófi. Verkefni metin með markmið í huga.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna,</li> </ul>			
Apríl - maí	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi</li> <li>• kunni að gera áætlun um verk</li> <li>• sé skapandi og hugmyndaríkur við hönnun</li> <li>• geti útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar,</li> </ul>	Nýsköpun og hönnun	<p>Nemendur hanna hlut með tæknilegói, skrifi hönnunaráætlun og verklýsingu.</p> <p>Nemendur gera hönnunaráætlun um verk sem er vistvænt.</p>	Hönnunarverkefni metið. Verkefni um vistvæna hönnun metið.

## Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<p>Að nemandi geti;</p> <p>-tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt,</p> <p>-miðlað þekkingu og leikni sinni og flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tekið þátt í samræðum og rökræðum,</p> <p>-beitt skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu,</p> <p>-notað þekkingu og leikni, dregið ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beitt gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu,</p> <p>-unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn,</p> <p>-nýtt margvíslegum miðlum í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýtt upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt,</p> <p>-borið ábyrgð á sínu eigin námi og lagt mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu,</p>	<p>-Álfur heimsins</p> <p>Landslag og náttúrufar</p> <p>-Loftlags</p> <p>-Ísöld og Alpafelling</p> <p>-Náttúruauðlindir</p> <p>-Atvinnuhættir</p> <p>-Samstarf innan heimsálfa</p> <p>-Iðnbyltingin og tæknivæðingin</p> <p>-Ólík svæði álfanna</p> <p>-Skagar</p> <p>-Efnahagur</p> <p>-Vinnuafli</p> <p>-Veðurfar</p>	<p>-Umræðu- og spurnaraðferðir</p> <p>-Hóp- og paravinna</p> <p>-Leitaraðferðir</p> <p>-rökræður</p> <p>-myndbönd</p> <p>-viðfangsefni fréttar</p> <p>-kortavinna</p> <p>-netmiðlar</p>	<p>Verkefni</p> <p>Próf</p> <p>Frammistaða</p> <p>Kannanir</p> <p>Leiðsagnarmat</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Verkmöppur</p> <p>Jafningjamat</p>

	<p>-sýnt fram á þekkingu og gagnrýnt sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,</p> <p>-gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja af sjálfbærri þróun,</p> <p>-greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búseturskilyrðum,</p> <p>-sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf,</p>	<p>-Nýlendustefnur</p> <p>-Fornminjar</p> <p>-Stríð</p> <p>-Höf, ár og fljót</p> <p>-Skógar</p> <p>-Dýralíf</p> <p>-Landakröfur ríkja</p> <p>-Trúarbrögð heimsins: Saga Guðstrúar; The Story of God with Morgan Freeman.</p>		
--	---	--	--	--

Námsgrein: Myndmennt 9. bekkur

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skólaárið 2016-2017	Nemendur: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Temji sér sjálfstæð vinnubrögð og skapandi útfærslu viðfangsefna</li> <li>- Hagnýtir sér á skapandi hátt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast</li> <li>- Beitir þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir</li> <li>- Sýnir frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði</li> </ul>	Hugmyndir og útfærsla hugmynda	Kynning Innlögn  Verklegar æfingar	Frammistöðumat Símat - byggt á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla – s.s. hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Tekið tillit til virkni og vinnubragða, umgengi um efni og áhöld og frágangs á vinnusvæði. Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr</li> <li>- Setur verkefni sín í menningarlegt samhengi</li> <li>- Velur á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófar sig áfram og vinnur hugmyndir í fjölbreytta miðla</li> </ul>	Listasagan – Frásagnarhlutverk myndlista í sögulegu ljósi	Fyrirlestur Innlögn  Verklegar æfingar Einstaklingaleiðsögn	Símat - leiðsagnarmat Sjálfstæð vinnubrögð Frumkvæði og tilraunir Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta</li> <li>- Vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar</li> <li>-</li> </ul>	Læsi – texti og myndir – myndræn frásögn  Grenndarfræði – listaverk í umhverfinu	Innlögn  Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn  Vettvangsathugun	Símat; Hugmyndavinna – útfærsla hugmynda Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum Þrautseigja og metnaður Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk Umgengni og frágangur á vinnusvæði

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýtir sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð mismunandi verkfæra og efniviðar</li> <li>- Prófar sig áfram og er óhræddur við að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt</li> <li>- Sýnir frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda</li> <li>- Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir</li> <li>- Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir</li> <li>- Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina</li> </ul>	<p>Listasagan – málun Hugmyndavinnu og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Umræður</p>	<p>Innlögn á viðfangsefni – sögulegar tengingar</p> <p>Kynning – efni og aðferðir</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Umræður</p>	<p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Gagnaöflun og úrvinnsla upplýsinga</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Frammistöumat</p> <p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Tilraunir, lausnaleit</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
--	---	--	---	---

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Kennt 2 tíma á viku í ca 6-7 vikur

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
1.vika	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti beitt fjölbreyttum baksturs og matreiðsluaðferðum.</li> <li>• Sýnt sjálfstæð vinnubrögð</li> <li>• Farið eftir helstu reglum um þrif og frágang í eldhúsi</li> <li>• Geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift.</li> </ul>	Tertubakstur	Innlögn, sýnikennsla, einstaklings, para og hópavinna/samvinna.	<p><b>Símat</b> sem byggir á vinnubrögðum og virkni, sýnt sjálfstæð vinnubrögð og geti beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir. Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnustað.</p> <p>Geti unnið eftir uppskrift Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.</p>
2.vika	<p>Geti matreitt fjölbreyttar og hollar, vel samsettar máltíðir úr fjölbreyttu hráefni og geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess helstu mæli og eldhúsáhöld.</p> <p>Geti tengt næringarfræðina við matinn sem unnið er með.</p>	Heimilisréttir:- hakkréttir-kjúklingaréttir- súpa, brauð og meðlæti, kaka eða eftirréttur.	Innlögn Para og hópavinna	Símat
3.vika	Geti beitt fjölbreyttum matreiðsluaðferðum og gengið frá eftir vinnu sína.	Ísgerð, búðingar,ostakökur	Innlögn, sýnikennsla, paravinna, samvinna	Símat

4.vika	Geti greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu	Bóklegur tími Unnið í Næring og lífshættir um næringarfræði.	Innlögn, verkefnavinna, einstaklingsvinna	Símat: Verkefni eru metin úr vinnubók
5.vika	Þjálfist í verklegum vinnubrögðum. Þjálfist í að fara eftir uppskriftum þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum	Bökur sætar og ósætar: kjúklingabaka, hakkbaka, spínatbaka, berjabaka, eplabaka.	Innlögn, sýnikennsla, para og samvinna.	Símat
6.vika	Geti beitt fjölbreyttum baksturs og matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli og eldhúshöld.	Smáréttir -heitir brauðréttir	Innlögn, para og samvinna	Símat
7.vika		Pitsur 3-4 tegundir.	Para og samvinna.	Símat

### Námshættir: Íþróttir. Kennari: Palli

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
26.janúar- 28.apríl	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Þjálfna færni í sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjalsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur VAL – krakkarnir stjórna 4-6 saman einum íþróttatíma yfir veturinn og skila tímaseðli á stöðluðu formi	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.
2.maí- 26.maí	Fjölbreytt hreyfinám Læra að klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útiþróttir	Boginn, frjalsíþróttavöllur á Þórsvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stífluna við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.



